

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Breyting á deiliskipulagi, hafnarsvæði (H1) og miðsvæði (M-1) norðan Strandvegur, reitur D – Strandvegur 12-14 vegna nýrrar lóðar fyrir spennistöð.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti 6. nóvember 2024 tillögu að breyttu deiliskipulagi hafnarsvæðis (H1) og miðsvæðis (M-1) norðan Strandvegur vegna nýrrar lóðar fyrir spennistöð sem Ísfélagið hf. hyggst reisa vegna rafvæðingar fiskimjölsverksmiðju félagsins sem stendur við Strandveg 14.

Ný lóð er við hlið lóðar við Strandveg 16 þar sem tengivirki Landsnets stendur. Lóð númer 16 minnkar og lóðamörk færast að austurhlið byggingar tengivirkisins. Þar kemur svo ný lóð fyrir spennivirkið, Strandvegur 16a, en gert er ráð fyrir að bygging spennivirkisins verði byggð við byggingu tengivirkisins.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 14. janúar 2025,

Dagný Hauksdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 29. janúar 2025